

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 1 af 3	Fundargerð (hvers?)	

Mættir: Eysteinn, Svandís, Steinþór, Guðmundur, Ingibjörg, Gerður, Guðríður Hrund og Embla
Forfallaðir:
Staður og tími: Menntaskólinn í Kópavogi, Stofa N-101 kl. 12:00 11.10.2023
Fundarefni:

Efnisatriði	Ábyrgð/dags. lokið ef við á:
1. Nefndarmenn kynna sig. Embla er ný en hún er áheyrnarfulltrúi fyrir nemendur skólans skipuð af nemendaráði. Gerður Bjarnadóttir kennari var valin á kennarafundi fyrir hönd kennara sem áheyrnarfulltrúi.	
2. Fjármál skólans: Elísabet fjármálastjóri fór yfir fjármál skólans og stöðu hans. Skólinn er eftir 9 mánuði í ca. mínus 35 miljónum. 920 nemendagildi eru við skólann en 820 skv. fjárlögum Veikindi kennara eru skólanum dýr. 15 miljónir af fjárfestingarframlagi skólans færðar í rekstrarframlag. Guðríður Eldey hafði beðið um 30 miljónir en Guðríður Hrund varð að endurskoða þá ákvörðun þar sem kælikerfi skólans er á síðasta snúning og séð er fram á miklar viðgerðir. Inkaupastjóri MK. fer í að láta gera útboð svo að hægt sé að byrja strax á því að skipta út kælikerfi skólans en það verður svo klárað á næsta ári 2024.	
3. Mikil umræða um afrekið en það er dýrt og það þarf að skoða það og kostnaðinn í kringum það. Afrekið dregur nemendur að skólanum en hann er orðinn mjög vinsæll. Efla þarf afrekið en það virðist halda mörgum nemendum í námi sem annars ættu það til að flosna úr námi.	

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021		
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 2 af 3	Fundargerð (hvers?)	

4. 50 ára afmæli skólans: Allir sammála um að afmællið hefði gengið vel. Miklu fleiri létu sjá sig en við þorðum að vona. Afmælið var jafnframt kennslustund þar sem nemendur í verknámi sáu um veisluna.

5. Vinna með Gallup:

Vinnan með Gallup hófst haustið 2021 þar sem skólinn kom illa út úr Stofnun ársins. Helstu niðurstöður eru að starfsfólk búi ekki við sálfélagslegt öryggi, samráð vanti í ákvörðunartöku og betri stjórnun. Starfsfólk vann að lausnum með Gallup sem stjórnendur hafa fengið og unnið hefur verið út frá þeim í að gera aðgerðaráætlun s.s. með það að markmiði að efla stjórnun, auka samráð og vinna að því að starfsfólk búi við sálfélagslegt öryggi. Stjórnendur settu því markmiðið á þessu ári að efla starfsandann og vinna með þær lausnir sem fram komu. Á starfsmannafundi þann 11.10.2023 voru fyrstu aðgerðir kynntar fyrir starfsmönnum sem fela í sér þessa þætti. Ýmislegt gert s.s. fundargerðir er nú að finna á Teams og því sýnilegri, samráð um stokkatöflu, áfangaval, kippur á opna braut, starfsmenn kynntir í ásafréttum og þeim oft hrósað o.fl.

6. Önnur mál

Embla: allir nemendur mjög ánægðir, uppselt á 20 mínútum á nýnemaballið. Nemendafélagið með styrk frá Dominos og næsta ball verður styrkt af Dominos. Dansleikir eru haldnir í Gamla bíó. Næsti dansleikur verður í Kolaportinu. Næsta ball 9. Nóv. Fótboldamót 14 okt í Fífunni sem er innanskólamót. Nemendafélagið hefur fengið hrós fyrir félagslífið. Hrekkjavökuvikan verður haldin hátíðleg með dansleik. Unnið er einnig með félagslíf á starfsbrautinni, áætlað er að halda laser tag innan skólans. Nemendafélagið vinnur með stjórnendum í að fá nemendur til þess að ganga frá eftir sig göngum skólans en umgengni er verulega slæm eins og er á göngum skólans sem og í mötuneyti hans. Gerður bað um orðið og sagði að stjórnendur séu að hlusta á starfsfólk og að góður starfsandi ríki innan skólans. Steinþór spurði hvort kennarar væru ánægðir með laun sín. Gerður svaraði að ekki væri mikil umræða um þau en sagði að fólk almennt væri aldrei alveg ánægt með launin. Eysteinn sagði frá Breiðablik og Evrópukeppni, Hann bað MK um að sjá um matinn í veislum fyrir keppnina. Það hefði verið frábært samstarf en matreiðslumenn skólans voru allir uppteknir. Guðríður sagðist vilja framlengja samning við sálfræðing skólans og voru allir sammála því. Emblu fannst mjög mikilvægt að halda í sálfræðinginn þar sem nemendur upplifa m.a. oft kvíða og það getur verið streituvaldandi að fara úr grunnskóla í framhaldsskóla. Guðríður stakk upp á að fá nemendur til að vinna á bókasafni skólans. Embla tók vel í það en sagði einingu betra en útborguð laun.

GAT-050	Menntaskólinn í Kópavogi	
Útgáfa: 03		
Dags.: 22.09.2021	Fundargerð (hvers?)	
Höfundur: GV		
Samþykkt: GE		
Síða 3 af 3		

Að lokum var ákveðið að halda næsta fund um miðjan nóvember. Skoða á þá aftur fjármálin.	
--	--

Fleira ekki gert og fundi slitið kl.: 13:00
Fundargerð hélt: Guðríður Hrund.

Skjal sótt af '000000000000' dags: 18.08.2026